

Leiðarvísir

12

**fyrir
póstafgreiðslumenn.****1. grein.**

Póstmeistarinn í Reykjavík er nánasti yfirboðari póstafgreiðslumanna, og á hann að hafa eptirlit með því, að þeir gegni þeim skyldum, sem á þeim hvíla samkvæmt auglýsingu 3. maí 1872. Hann á að gjöra þeim kunnar allar þær breytingar, sem verða kunnu á póstgöngum, póststöðvum, burðargjalds-ákvæðum o. s. frv., og láta þeim í tje allar nauðsynlegar leiðbeiningar. Póstafgreiðslumenn eru skyldir til að afhenda póstmeistara bækur sínar til skoðunar, hvenær sem þess kann að verða krafizt.

Öll erindi póstafgreiðslumanna til yfirstjórnar póstmálanna skal senda póstmeistara, áleiðis til landshöfðingjans, til þess að póstmeistari geti látið þeim fylgja ummæli sín.

Vilji póstafgreiðslumaður takast ferð á hendur, skal hann sækja um fararleyfi samkvæmt því, er fyrir er mælt í síðasta málslíð 3. greinar í augl. 3. maí 1872.

2. grein.

Hver póstafgreiðslumaður er skipaður yfir brjefhirðingarmenn þá, sem eru á póstleiðinni milli hans og næsta póstafgreiðslumanns þeim megin, er fjær er Reykjavík, og ber þeim að hafa nákvæmt eptirlit með því, að brjefhirðingarmenn þeir, sem þeir eru yfir skipaðir, leysi störf sín vel af hendi.

3. grein.

Hver póstafgreiðslumaður afgreiðir póstflutning til póststofunnar í Reykjavík, svo og til allra póstafgreiðslustaða á sömu póstleið, og til brjefhirðingarmanna á póstleiðinni, sem eru á milli hans og næstu póstafgreiðslumanna á báðar hliðar. Þeir póstafgreiðslumenn, sem búa á viðkomustöðum strandferðaskipanna, hafa og póstsendingaviðskipti við útlönd. Til þess að nauðsynlegt eptirlit verði haft með því, er með pósti er sent, og aðgætt, hvort burðargjald er rjett talið, skal rita allt, sem afgreitt er frá póstafgreiðslustað, á *póstsendinga-skrár*, eptir þeim reglum, sem settar eru í 7. grein, og skal vera sjerstök skrá til hvers póstafgreiðslustaðar, yfir þann flutning allan, sem þangað á að fara, svo og til brjefhirðingarstaða þeirra, er hlutaðeigandi póstafgreiðslumaður á við að skipta.

Póstsendingar, sem eiga að fara innanlands en utan póstleiðar, skal skrá til þeirrar póstafgreiðslu, sem næst liggur þeim stað, sem sendingin á að fara til. Póstsendingar til útlanda skulu sendar póststofunni í Reykjavík, nema þegar þær, samkvæmt því er síðar segir, eru sendar með strandferðaskipunum, eða brjef- og krossbandssendingar með öðrum skipum samkvæmt 6 grein í tilsk. 6. febr. 1872. Hver póstafgreiðslumaður, sem býr á viðkomustað strandferðaskips, getur sent póstsendingar með því beinlínis til útlanda, og

11. dag febrúarmán. 1892.

- 12 skráð þær til pósthöðvanna á viðkomustöðum skipanna erlendis, ef skipið á ekki eptir að koma við í Reykjavík í þeirri ferð, en böggulsendingar og peningasendingar má þó ekki senda beinlínis til pósthúsa utanríkis, og verða slíkar sendingar til landa utanríkis að fara um pósthúsið í Kaupmannahöfn. Eigi skipið að koma við í Reykjavík eptir að það fer frá póstaðgreiðslustaðnum, skal skrá allar póstsendingarnar til póststofunnar þar. Póstaðgreiðslumenn, er eigi búa á viðkomustað strandferðaskipa, skulu skrá póstsendingar, er til útlanda eiga að fara, til póstaðgreiðslumannsins á næsta afgangslustað strandferðaskipa utan Reykjavíkur þegar svo stendur á, að það samkvæmt ferðaáætlun nefndra skipa í sambandi við áætlunina um ferðir landpóstanna mundi greiða póstsendingunum fljótari ferð, heldur en að senda þær með landpósti til Reykjavíkur, og fer þá sá póstaðgreiðslumaður með sem fyrr segir.

Samkvæmt 6. gr. í tilsk. 6. febr. 1872 má og senda brjef og krossbandssendingar með öðrum skipum, og skal þá skrá póstsendingarnar til þess pósthúss, sem skipið fer til.

4. grein.

Til flutnings með póstum mega póstaðgreiðslumenn taka á móti:

- I. *Lausum brjefum* og *brjefspjöldum*, sem eiga að fara til innlendra og útlendra pósthöðva.
- II. *Prentuðu máli í krossbandi* og *sýnishornum af varningi*, allt að 5 pd. þunga.
- III. a. *Almennum böggulsendingum* innanlands og til Danmerkur. Eigi að senda böggulsendingu áleiðis frá póstaðgreiðslustað með landpósti, má hún ekki vega meira en 5 pund, en verði hún send alla leið með póstgufuskipunum, þannig að eigi þurfi að senda hana neitt yfir land, má hún vega bæði hafna á milli innanlands og til Danmerkur allt að 10 pd.
- b. *Almennum böggulsendingum* til landa utanríkis. Um þyngd þeirra og burðareyri undir þær sjá töfluna C.

Hverri böggulsendingu á að fylgja tilvísunarbrjef (Adressebrev). Eigi sendingin að fara til innlendra pósthöðva eða pósthöðva í Danmörku og Færeyjum, má tilvísunarbrjefið vera almennt umslag, en eigi vega meira en 3 kvint. Til landa utanríkis eru tilvísunarbrjefin prentuð eyðublöð, sem nákvæmlega verður að fylla út; hverju slíku tilvísunarbrjefi verður að fylgja ein eða fleiri tollskrár, sjá töfluna C.

IV. *Peningabrjefum*

1. til innlendra pósthöðva.
2. — Danmerkur og Færeyja.
3. — landa utanríkis.

V. *Peningasendingum í pokum* og *böggulsendingum* með tilgreindu verði:

1. til innlendra póststöðva,
2. — Danmerkur og Færeyja,
3. — landa utanríkis.

Innanlands og til Danmerkur og Færeyja mega þær vega allt að 16 pd., sjeu í þeim mótaðir peningar, annars 10 pd. Um þyngd á slíkum sendingum til landa utanríkis vísast til töflunnar C.

VI. *Ábyrgðarbrjefum:*

1. til innlendra póststöðva,
2. — Danmerkur og Færeyja,
3. — landa utanríkis.

VII. *Póstávísunum:*

1. Til Danmerkur og Færeyja,
2. — landa utanríkis.

Fyrst um sinn er póstávísunum ekki veitt móttaka utan Reykjavíkur nema á Isafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og skulu póstafgreiðslumennirnir þar ávallt senda þær ásamt peningum þeim, er þær hljóða um, til póststofunnar í Reykjavík. Þeir, sem póstávísanirnar senda frá nefndum póstafrgreiðslustöðum, verða auk póstávísunargjaldsins (sjá 5. gr. VII.) að greiða venjulegt burðargjald og ábyrgðargjald undir hina sendu peninga, frá hlutaðeigandi póstafrgreiðslustað til Reykjavíkur (sjá landshöfðingjabrjef 18. sept. 1886).

Að því er snertir ásigkomulag sendinganna, umbúðir, utanáskriptir og innsigli, verða þær að fullnægja þeim skilyrðum, sem tekin eru fram í auglýsingu 3. maí 1872, augl. 26. sept. 1872 og brjefi landshöfðingja 20. júlí 1886, og verða þær því að eins teknar í ábyrgð póststjórnarinnar, að þeim fyrirskipunum sje nákvæmlega fylgt.

Hluti, sem bannað er að flytja með póstum (sbr. tilskipun um póstmál 27. febr. 1872 4. gr., og auglýsingu 3. maí 1872, 12. gr.) mega póstafrgreiðslumenn ekki taka til flutnings, en hafi það eigi að síður verið gjört, skal fara með þá samkvæmt 12. gr. auglýsingar 3. maí 1872.

Póstafrgreiðslumenn eru skyldir til að taka á móti og afrgreiða sendingar frá dagmálum til náttmála, þegar þeir eru viðstaddir, eða sjá um að það verði gjört fyrir þeirra hönd. Á afrgreiðslustöðum póstgufuskipanna verður þetta þó að vera komið undir brottfarartíma skipanna.

5. gr.

Burðareyrir undir þær sendingar, sem í 4. gr. segir, að póstafrgreiðslumenn megi taka til flutnings, er:

I. *Almenn brjef.*

1. *Til póststöðva innanlands:*

Þegar þau vega allt að 3 kv.—10 aur.

— — — frá 3—25 — 20 —

— — — — 25—50 — 30 —

12

2. *Til Danmerkur og Færeyja.*

Þegar þau vega allt að 3 kv. 16 aur.

— — — frá 3—25 — 30 —

— — — — 25—50 — 50 —

Sje eigi borgað fyrirfram með frimerkjum undir brjef til innanlands-póststöðva eða til Danmerkur og Færeyja, verður burðareyrir tvöfaldur við það, sem segir í 1. og 2. tölulið. Sje borgunin ónóg, tvöfaldast burðareyririnn sömuleiðis, en þá skal draga frá burðareyrinum tvöföldum það, sem greitt hefur verið fyrirfram í frimerkjum.

3. *Til landa utanríkis.* Sjá töfluna A.

Sje eigi borgað fyrir fram með frimerkjum undir brjef til landa utanríkis, verður burðareyrir tvöfaldur. Sje borgunin ónóg, tvöfaldast það sem á vantar.

4. *Brjefspjöld.*

Til innanlands pósthöðva . 5 aur.

— Danmerkur og Færeyja . 8 —

— landa utanríkis . . . 10 —

með fyrirfram borguðu svari helmingi meira.

II. *Krossbandssendingar* verða ávallt að vera borgaðar fyrir fram. Burðareyrir er:

1. *Til innlendra pósthöðva* undir hver 10 kvint og minni þyngd . 3 aur.

2. *Til Danmerkur og Færeyja* undir hver 10 kvint og minni þyngd 5 —

3. *Til landa utanríkis.* Sjá töfluna A.

Sjeu frimerki eigi við höfð við krossbandssendingar, eða ef á þær er ritað nokkuð, sem eigi er leyft af pósthjórninni, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera svo lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefur lagt fyrir, skal borga fyrir þessar sendingar hið sama gjald, sem fyrir almenn brjef, er eigi er borgað undir fyrirfram með frimerkjum.

III. *Almennar böggulssendingar.*1. *Til innlendra pósthöðva.*

a. Með landpóstum frá sumarmálum (3: 20. apríl) til veturnótta (3: 18. okt.) undir hvert pund eða minni þunga 30 aur.

b. með landpóstum frá veturnóttum (3: 18. okt.) til sumarmála (3: 20. apríl) undir hver 25 kvint eða minni þyngd 25 —

d. með pósthúfuskipunum undir hvert pd. eða minni þyngd . 10 —
 auk almenns brjefburðargjalds undir tilvísunarbrjefið, sje umslagið lokað (sbr. I. 1.).

2. *Til Danmerkur og Færeyja.*

Fyrir hvert pd. eða minni þunga 10 aur.

og að auki aðalgjald undir hvern böggul 25 —

3. *Til landa utanríkis.*

12

Sjá töfluna C.

Þegar böggulsending til útlanda (III. 2. og 3.) er send áleiðis með landpósti, ber auk burðargjalds eptir III. 2. eða III. 3. að greiða undir hana burðargjald eptir III. 1. fyrir flutninginn á landi.

IV. *Peningabrjef.*

1. *Til innlendra póststöðva.* Burðargjald eptir vikt sbr. I. 1 og ábyrgðargjald að auki eptir verðupphæð þeirri, sem í brjefinu er, fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð¹ 5 aur.

2. *Til Danmerkur og Færeyja.* Burðargjald eptir vikt sbr. I. 2. og auk þess ábyrgðargjald af upphæð þeirri, sem í brjefinu er, fyrir hverjar 200 krónur eða minni upphæð 25 aurar.

3. *Til landa utanríkis.*

Sjá töfluna B.

V. *Peningasendingar í pokum eða böggulsendingar með ákveðnu verði.*

1. *Til innlendra póststöðva.* Burðargjald eptir vikt sbr. III. 1. og auk þess ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð 5 aurar.

2. *Til Danmerkur og Færeyja.* Burðargjald eptir viktsbr. III. 2, og að auki ábyrgðargjald fyrir hverjar 200 krónur eða minni upphæð 25 aurar.

3. *Til landa utanríkis.*

Sjá töfluna C.

VI. *Ábyrgðarbrjef.*

1. *Til innlendra póststöðva.* Burðargjald eptir vikt sbr. I. 1. og að auki 20 aur. í ábyrgðargjald.

2. *Til Danmerkur og Færeyja.* Burðargjald eptir vikt sbr. I. 3, auk þess 16 aura í ábyrgðargjald.

3. *Til landa utanríkis.*

Sjá töfluna A.

Sje ábyrgð keypt á krossbandssendingu greiðist auk burðargjalds samkv. II. ennfremur ábyrgðargjald, sem innanlands er 20 aurar, en til Danmerkur og Færeyja 16 aura, fyrir hvern böggul. Til landa utanríkis sjá töfluna A.

VII. *Póstávísanir.*

verða ávallt að vera borgaðar fyrirfram í frímerkjum, sem límd eru á sjálfa póstávísunina.

1. *Til Danmerkur og Færeyja.* Til Kaupmannahafnar má hver póstávísun hljóða upp á að allt að 200 krónum, en til annara staða í Danmörku og til Færeyja að eins 100 kr.

1) Um mótaða peninga í brjefum sjá auglýsingu 3. maí 1872 13. gr. C.

12

Burðareyririnn er:

Uppað 30 kr. fullum 20 a.

yfir 30 kr. uppað 60 kr. fullum . 40 —

— 60 — — 90 — . . 60 —

— 90 — 80 —

2. Til landa utanríkis, þeirra sem hjer fara á eptir, og er fyrir hvert land tiltekin hæzta upphæð, sem hver ávísun má hljóða upp, á og burðareyrir sem ávalt verður að borga fyrirfram.

Til Belgíu 500 franka = 365 kr.

— Bulgariu 500 lew = 365 kr.

— Canada 180 krónur

— Englands með Írlandi

Skotlandi og Austur-

Indlandi 180 krónur

— Frakklands 500 franka = 365 kr.

— Frakkneskra póst-

stöðva í Tanger (Mar-

okko) og Zanzibar . 500 franka = 365 kr.

— Hollands 240 gyllin = 360 kr.

— Ítalíu 500 franka = 365 kr.

— Luxemburg 500 — = 365 kr.

— Noregs 360 krónur

— Portugals 90,000 reis = 360 kr.

— Rúmeníu 500 franka = 365 kr.

— Schweiz 500 — = 365 kr.

— Svíþjóðar 360 krónur.

— Tunis 500 franka — 365 kr.

Tyrklands

a. Til Þýzkra póst-

stöðva

í Konstantinopel . 400 mörk 356,80

b. Til frakkneskra

póststöðva

í Beyruth, Kon-

stantinopel, Saloniki

og Smyrna 500 franka = 365 kr.

— Ungverjalands og Aust-

urríkis 400 mörk = 356,80

— Egyptalands 18 livres = 360 kr.

— hinna dönsku Vest-

urindía 100 dollara = 373 kr.

— Þýzkalands 400 mörk = 356,80

Burðareyrir:
18 aurar fyrir
hverjar 18 kr. eða
minni upphæð,
minnst 36 aurar

9 aurar fyrir hverjar
18 kr. eða minni upp-
hæð, minnst. 36 aurar.

— Bandaríkjanna í Norður-
ameríku 365 krónur.

} 25 aurar undir hverj-
ar 20 krónur eða
minna, minnst 50 aur.

12

Póstávisanir eiga ávalt að vera stýlaðar í peningum þess lands, sem þær eiga að fara til, nema póstaávisanir til Englands (með Írlandi, Skotlandi, Austur-Indlandi og Canada) og til Bandaríkjanna í Norður-Ameríku; þangað eiga þær að vera stýlaðar í krónum.

Ef eitthvað er áfátt við umbúnað á böggjum, peningabréfum eða öðrum peningasendingum þegar þeim er skilað til flutnings með póstum og vilji hlutaðeigandi sjálfur ekki bæta úr því, skal hann skyldur að greiða póstaðgreiðslumanni 5 aura fyrir það, sem hann kann að gjöra til þess að sendingin verði löglega úr garði gjörð.

Sendingar með þjónustufrimerkjum álitast sem óborgaðar, sé ekki nákvæmlega farið eptir auglýs. 3. maí 1872.

Það sem nú skal greina má ekki taka til flutnings nema það sje fyrirfram borgað í frimerkjum:

- a. kvittanir fyrir sendingum
- b. ábyrgðarbrjef,
- c. brjef (eða sendingar) til konungs eða ættmenna hans
- d. og yfirvalda,

nema sá, er sendir, hafi ritað á þær »fyrirskipuð skýrsla» »heimtað álit» eða »fyrirskipuð sending» og nafn sitt undir.

Póstaðgreiðslumenn eru skyldir til, þegar þess er krafist af þeim sem sandir, að telja peninga samkv. ákvörðun í tilskipun um póstmál, 3. maí 1872 8. gr. og gefa kvittun fyrir þeim, gegn þeirri borgun, sem þar er og ákveðin. Þau brjef eða peningaböggla, sem póstaðgreiðslumenn telja peninga í, verða þeir að lakka með innsigli póstaðgreiðslunnar, mitt á milli þeirra innsigla, sem sendingin á að vera lökkuð með af þeim, sem sendir. Allir verða að nota signet á slíkar sendingar, en mótaða peninga, hnappa eða því um líkt má ekki nota í þess stað.

6. gr.

Hafi útgefendur blaða eða tímarita, er út koma á Íslandi, samið við póststjórnina um útbýtingu og afgangi þeirra, eru póstaðgreiðslumenn skyldir að taka að sjer að panta þau, bæði fyrir einstaka menn, og eptir beiðni frá brjefhirðingarstöðum þeim, er þeir hafa póstsendingaviðskipti við, og annast um það, sem pantað er, eptir þeim reglum, sem settar eru í 23. gr. í auglýs. um póstmál 3. maí 1872; skulu þeir senda pöntunina til póstaðgreiðslumannsins í því póstaðgreiðsluumdæmi, sem blaðið kemur út í, eða póstmeistarans í Reykjavík, ef blaðið kemur þar út, og afhenda síðan blöðin eða tímaritin áskrifendum eða senda þau til þess brjefhirðingamanns, sem beðið hefur um þau.

Gjöri póstaðgreiðslumaður ekki með sama pósti um hæl athugasemd um að í blöð vanti, er til hans er send, álitast blöðin rjett send frá hendi afgangslumanns þeirra.

Öll ábyrgðarbrjef, peningabrjef, böggla og peningaböggla, sem póstaðgreiðslu er afhent til sendingar með póstum, skal, þegar er afgreiðslumaðurinn tekur við þeim, innfæra í sjerstaka bók, sem til þess er löggilt (viðtökubók), samkvæmt þeirri vísbendingu, er útbúning bókar þessarar gefur.

Kvittun fyrir móttöku sendingar lætur póstaðgreiðslumaður þegar þess er óskað, móti 5 aura borgun; þó skal sá, er sendir, eigi þurfa að borga fyrir þessa viðurkenningu, ef hann hefur póstkvittunarbók með sjer, sem ritað er í nafn móttökumanns sendingarinnar, verð hennar og vikt, svo að viðkomandi póstaður þurfi eigi annað en rita nafn sitt.

Æski einhver, sem skilar slíkum sendingum til flutnings, kvittunar viðtakanda fyrir sendingu með pósti til baka, skal póstaðgreiðslumaður fylla út eyðublað, sem til þess er ætlað (móttökukvittun) og næla það við tilvísunarbrjefið. Fyrir þessa kvittun greiðir sá er sendir, 10 aura í burðargjald, sem límt er á blaðið í frímerkjum.

Þegar pósti skal afgreiða frá póstaðgreiðslustað skal taka brjef þau öll og sendingar, sem með pósti eiga að fara, eins þau brjef og sendingar, sem komið hafa frá brjefhirdingastöðunum, er póstaðgreiðslan skiptist póstsendingum á við; eða sem pósti hafa verið afhent á leiðinni, og setja á þau póststöðvastimpil, þeim megin, sem utanáskriptin er, og skal auk þess setja stimpil yfir öll álimd frímerki, til þess að þau verði ekki aptur notuð. Síðan skal skipta brjefum og sendingum niður eptir þeim póstsöðvum, sem þær eiga að fara til, og útbúa póstsendingaskrá til hvers póstaðgreiðslustaðar, sem póstur á að koma við á, og til brjefhirdingastaðanna á leiðinni til næstu póstaðgreiðslu.¹ Undir þessar skrár eru notuð eyðublöð, og ber að útfylla þau þannig, að í 1. og 2. dálki sje samtala allra þeirra almennu brjefa, sem með skránni eru send: í 1. dálki tala brjefa þeirra, er borgað hefur verið undir, og í 2. dálki tala óborgaðra brjefa, sem sendast eiga. Peningasendingar, böggulsendingar og ábyrgðarbrjef skal rita í 3. og 4. dálk þannig, að í 3. dálki sje tölumerki hvernar sendingar, sem á henni er í viðtökubókinni, en í 4. dálki sje greint hvers konar sending það er, sem um er að ræða, og í 5. dálki nafn viðtakanda. Sje verð tilgreint á sendingu skal rita það í 6. dálk, svo og upphæð peningabrjefa, en í 7. dálk þyngd brjefa og sendinga. Þá skal í 8. dálk rita burðargjald það, sem borgað hefur verið fyrir frímerki á sendingarnar á þeirri póststöð; við sendingar þær sem komnar eru til póstaðgreiðslustaðarins með pósti, og hafa verið skráðar áður, skal að eins rita »fr.« (franco) í 8. dálkinn, ef nægilega er borgað undir þær, en í 9. dálk skal rita burðargjald það, sem óborgað kann að vera, bæði af brjefum (í einu lagi) og öðrum sendingum. Á hverja póstsendingaskrá skal jafnan rita nafn fráfararstaðarins og þeirrar póststöðvar, sem hún á að fara til, svo og

1) Um póstsendingar til póststofunnar í Reykjavík gildir að sjálfsögðu hið sama, eins og til póstaðgreiðslustaða út um landið.

dagsetning (brottfarardag póstsins), og ritar póstafgreiðslumaður nafn sitt undir skrána. 12

Póstsendingaskrár skal senda til allra póstafgreiðslustaða á póstleiðinni og brjefhirðingarstaða, er póstafgreiðslan á viðskipti við, hvort sem nokkurt brjef eður önnur sending á að fara til þeirra eða ekki, til þess að hlutaðeigandi póstmaður geti fullvissað sig um, að ekkert hafi glatazt í för póstsins.

Á brjef þau eða tilvísunarbrjef, sem ekki hefur verið borgað undir, eða eigi er greitt nægilegt burðargjald fyrir, skal póstafgreiðslumaður rita með rauðkít burðargjaldið ofani utanáskriptina, og stimpla þau með stafnum **T**. Á brjef, sem fylgja peningasendingum, sem talið hefur verið í á póstafgreiðslustaðnum (sbr. niðurlag 5. greinar), skal rita greinilega orðið »talið«, á eitthvert horn brjefsins. Vinstramegin á efra horn ábyrgðarbrjefa, sem jafnan eiga að vera frimerkt, skal rita tölumerki það (númer), sem brjefin hafa fengið í mót-tökubókinni og stimpla þau með stafnum **R**.

Pegar allt hefur verið fært inn á póstsendingaskrárnar samkvæmt því, er að framan er sagt, skal leggja saman burðargjald og binda brjef (almenn brjef og tilvísunarbrjef), peningabrjef og ábyrgðarbrjef saman í bundin, í sömu röð, eins og þau eru tilfærð á póstsendingaskránni, og skal á hverri póstsendingaskrá tilgreina, hve mörg bundin fylgi henni. Bundinin skal síðan binda saman með góðu seglgarni, og láta þau ásamt peningasendingum, og böggulsendingum að svo miklu leyti sem því verður við komið, niður í poka, merktan með nafni póstafgreiðslustaðarins, sem hann er sendur frá, og þeirra póststöðva, er hann á að fara til. Peningasendingar og böggla skal jafnan láta niður vottfast eða í viðurvist póstsins, og bera jafnframt saman við póstsendingaskrána. Pokunum skal loka með lakki, er sje sett á pappspjald yfir endana á fyrirbandinu og póstsígnit fyrir. Poka þessa skal senda, þó að ekkert sje í að láta nema póstsendingaskráin.

Það, sem á að fara til póstafgreiðslustaða, skal láta niður í póstkoffort, sem hver póstafgreiðslumaður hefur lykil að; en póstsendingar til brjefhirðingarstaðanna skal láta í lokaðar töskur, og hefur pósturinn og hlutaðeigandi póstafgreiðslumaður lykil að þeim.

Loks skal póstafgreiðslumaður loka póstkoffortunum og afhenda þau póstinum ásamt töskunum. Á fararseðil póstsins skal rita komu- og fararstund. Póstafgreiðslumaður skal annast um, að póstur tefji ekki fram yfir áætlun frekar en nauðsyn krefur.

8. grein.

Pegar póstur kemur til póstafgreiðslustaðar, skal taka upp flutninginn vottfast eða í viðurvist póstsins, bæði úr töskunum frá brjefhirðingarstöðunum, og úr póstkoffortunum það, er til póstafgreiðslunnar á að fara, eður til brjefhirðingarstaða þeirra, sem eru á leiðinni til næstu póstafgreiðslu. Bera skal póstsendingarnar saman við póstsendingaskrárnar, sem þeim fylgja, og rannsaka, hvort hvert einstakt brjef eða böggulsending er rjett meðhöndluð, hvort allt er tilfært á póstsendingaskránni, og burðargjald rjett ákveðið; svo og hvort

12 burðargjald er rjett ritað á skrána og rjett lagt saman. Um sjerhverja ónákvæmni eða villu, sem póstaðgreiðslumaður finnur á póstsendingaskránni eða að því er snertir hinar komnu póstsendingar, skal hann rita athugasemd eða leiðrjetting á póstsendingaskránni, og jafnframt skýra þeim póstmanni, sem sent hefur skrá þá, sem leiðrjettingin hefur verið gjörð á, frá því með pósti um hæl, með svonefndri leiðrjettingarskýrslu, sem sjerstök eyðublöð eru höfð undir. Þegar póstaðgreiðslumönnum berast slíkar leiðrjettingarskýrslur, eiga þeir að rita á þær athugasemdir þær, er þeir kunna að hafa sjer til stuðnings eða afsökunar, eða þá »viðurkennt« að öðrum kosti, og nafn sitt undir, og endursenda þær síðan þeim póstmanni, sem ritað hefur leiðrjettingarskýrsluna. Póstaðgreiðslumaður, sem þannig fær endursenda leiðrjettingarskýrslu, skal leggja hana við póstsendingaskránnar, og láta fylgja reikningi sínum til póststofunnar í Reykjavík.

Um vantandi burðargjald skal krefja viðtakanda (sjá 5. gr. I. aths. við 2.). Hafi brjef eða sendingar, sem ekki eru nægilegum frímerkjum búin, ekki verið metin til rjetts burðargjalds, eða á þau verið ritað »ónóg borgað« (stimpluð með stafnum T), skal það pósthús, er sendingunni fyrst var skilað á, greiða burðargjaldið samkvæmt leiðrjettingarskýrslunni, og skal innfæra á póstsendingaskránni burðargjald það, er svara skal, og leiðrjetta samlagninguna samkvæmt því.

Þegar búið er að bera sendingarnar saman við póstsendingaskránnar, skal setja póststöðvastimpil á þær, og skal póstaðgreiðslumaður rita nafn sitt neðst á þær til sannindamerkis um, að það sje rjett, sem á þær er ritað. Á brjef, tilvísunarbrjef og peningabrjef skal og setja póststöðvastimpil, aptan á brjefin.

9. grein.

Eigi má láta í pósttöskurnar til brjefhirðingarstaðanna peningasendingar eða böggulsendingar, sem eru yfir 300 kr. virði. Póstsendingar þangað, sem eru meira virði, eða sem sá, er sendi, hefur krafizt slíks um, biða á póstaðgreiðslustaðnum þangað til þeirra er vitjað, en tilvísunarbrjefið er þá sent til brjefhirðingarmanns þess, er hlut á að máli, eða tilkynning um, að hluturinn sje kominn, sem viðtakandi getur kvittað á, og verður þá sendingin afhent gegn þeirri kvittun. Til þessara tilkynninga eru notuð sjerstök eyðublöð (sjá næstu grein).

10. grein.

Póstaðgreiðslumenn eru ekki skyldir til að láta bera komin brjef út meðal viðtakenda, heldur verður að gefa viðtakendum kost á að fá þau afhent hjá póstaðgreiðslunni, enda þótt póstaðgreiðslumaður sje eigi sjálfur við staddur, og skal hann annast um, að jafnan sje einhver, er í fjarvist hans frá heimilinu hefur þetta á hendi.

Ábyrgðarbrjef, peningabrjef og böggla má ekki afhenda nema gegn kvittun. Í því skyni skal rita slíkar sendingar allar inn í kvittunarbókina með því tölumerki (nr.), sem þær hafa á póstsendingaskránni, og skal mót-

takandi rita í kvittunarbókina nafn sitt sem kvittun við hverja sendingu. Þegar slíkar sendingar, sem að ofan ræðir um, eru sendar með póstum frá pósta-fgreiðslustaðnum, skal þess getið í kvittunarbókinni. Þegar móttakendur ekki eru staddir á póststöðvunum eða umboðsmenn þeirra, er kvittað geti fyrir þeirra hönd, sendir pósta-fgreiðslumaður þeim tilkynning um, að sendingin sje komin, á eyðublaði, er til þess er ætlað, og ef móttakandi ritar kvittun á tilkynning þessa, og sendir hana síðan aptur til póststöðvanna, fær hann sendinguna afhenta gegn þessari kvittun. Slíkar kvittanir geymast sem fylgiskjöl við kvittunarbókina. Pósta-fgreiðslumaður ábyrgist, að undirskript kvittana sje rjett. Þegar móttökukvittun (sbr. 7. gr. 1. lið) fylgir tilvísunarbrjefi með sendingu, sem skilað er til viðtakanda frá pósta-fgreiðslustað, verður pósta-fgreiðslumaður að annast um, að viðtakandi riti nafn sitt á móttökuskírteinið um leið og hann kvittar fyrir sendingunni, og ber svo að endursenda það til þeirra póststöðva, sem það upphaflega var sent frá.

11. grein.

Þegar pósta-fgreiðslumönnum berast með póstum óborguð brjef frá öðrum póststöðvum til manna, sem ekki eiga heima í umdæmi þeirra, en brjefin hafa verið talin með óborguðu burðargjaldi á póstsendingaskrá þeirri, sem þau komu með, svo að viðtakandi pósta-fgreiðslumaður hefur orðið að telja burðargjaldið með tekjum hjá sjer, á hann, þegar hann sendir þessi brjef frá sjer með póstum aptur, að tilfæra þau á póstsendingaskrá til þess staðar, sem þau eiga að fara til, og jafnframt láta þeim fylgja *endurgjaldsskírteini*, er sjerstök eyðublöð eru fyrir. Á endurgjaldsskírteinið skal rita tölu hinna óborguðu brjefa, staðinn, þar sem þeim, samkvæmt póststimplinum, fyrst var skilað til flutnings, og loks upphæð hins óborgaða burðargjalds í aurum, er einnig skal tilgreina með orðum. Sá póstmaður, er síðast annast um afgreiðslu þessara brjefa, skal skrifa nafn sitt undir endurgjaldsskírteinið, og endursenda það síðan þeirri póststöð, sem það er komið frá, og skal það síðan látið fylgja póstsendingaskránum, sem borgun upp í burðargjald það, sem sú póststöð á að standa skil á.

12. grein.

Ef sending vantar eða er mjög skemmd, þegar póstur kemur og póstsendingaskrár eru bornar saman við sendingarnar, þá skal skýra póstmanni þeim, er sendi, frá þessu, sem fyrr segir, svo og póstmeistarann í Reykjavík, og skal jafnframt móttökumanni gjörð vitneskja um það.

Ef sendingar eru rangt sendar, skal sem fyrst senda þær aptur ókeypis rjetta leið, eða, þegar viðtökustaður er ókunnur, fara með sem sendingar, er eigi verður komið til skila.

13. grein.

Þær póstsendingar, sem pósta-fgreiðslumaður getur eigi komið til skila (augl. 3. maí 1872 § 21), skal sem fyrst endursenda því pósthúsi, er þær eru sendar frá. Aptan á brjef eða tilvísunarbrjef skal rita ástæðuna, hví þau hafi eigi komizt til skila. Þegar póstsendingar eru þannig endursendar, skal afhenda þær þeim, er sendi, gegn burðargjaldi því, er á þeim kann að hvíla.

12. Finnist eigi sá, er sendi, eða skorist hann undan að innleysa sendingu, skal senda slíkar sendingar til pósthöfnarinnar í Reykjavík áleiðis til landshöfðingja, til meðferðar eftir ofanefndri 21. gr. augl. 3. maí 1872, og skal þá fylgja þeim listi, er allar slíkar sendingar eru ritaðar á.

14. grein.

Póstafgreiðslumenn ábyrgjast allar póstsendingar, sem þeim er trúð fyrir. Þær skulu geymdar á óhultum stað, og mega ekki liggja fyrir sjónum óviðkomandi manna, og er það heldur eigi leyfilegt, að viðtakandi sjálfur leiti uppi sendingar til sín. Póstafgreiðslumönnum er bannað að gefa nokkrum óviðkomandi manni vitneskju um til hvers eða frá hverjum póstsendingar koma eða fara um höndur póstafréttisunnar, nema þetta sje nauðsynlegt til þess að koma þeim til skila.

Lyklar þeir, stimplar, signet, eyðublöð og önnur áhöld, sem póstafréttisunnum eru fengin, mega ekki koma í hendur óviðkomandi mönnum.

15. grein.

Póstafgreiðslumenn verða að annast um, að hafa jafnan byrgðir af frimarkjum og brjefspjöldum, bæði til að selja út frá póstafréttislustöðunum og til birgða fyrir brjefhirðingarstaði þá, sem undir þá eru lagðir.

16. grein.

Með hverjum pósti til Reykjavíkur skulu póstafréttisumenn senda reikningságrip yfir tekjur og gjöld póstafréttislu sinnar, og þar með peningaleifar, sem hjá þeim kunna að vera, og sem þeir þurfa ekki að nota til póstarfarfa. Sem fylgiskjöl skulu þeir senda allar þær póstsendingaskrár, sem þeir hafa mótttekið og meðhöndlað síðan seinasti reikningur var sendur, og skal tilgreina tölu þeirra í reikningságripinu. Leiðrjettingarskýrslur og endurgjaldsskírteini skulu og fylgja, svo sem fyrr segir, svo og kvittanir hlutaðeigandi manna fyrir öllum þeim útgjöldum í þarfir póstafréttisunnar, sem póstafréttisumaður kann að hafa haft frá því er síðasta reikningságrip var samið.

17. grein.

Komist póstafréttisumenn að því, að póstar hafi meðferðis brjef, peninga eða böggla, sem ekki er ritað á póstsendingaskrár, eru þeir skyldir til að skýra pósthöfnunum í Reykjavík frá því. Ef póstafréttisumenn eða fólk þeirra notar póstin ólöglega, varðar það sektum, sem pósthöfnunin ákveður, eða afsetningu.

18. grein.

Póstafgreiðslumenn eru ekki skyldir til að veita póstum gistingu, góðgjörðir eða heygjöf handa hestum þeirra nema gegn sanngjarnri borgun.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, 1. febr. 1892.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjöl

við leiðarvísi fyrir póstaðgreiðslumenn.

Tfl. A.

Skýrsla

um burðareyri undir brjef, krossbandsendingar og ábyrgðarsendingar til landa utanríkis.

Löndin:	Almenn brjef.			Brjef-spjöld	Krossbands-sendingar			Ábyrgðar-sendingar.	
	Þyngd brjefa	Brjef, sem eru send fri-merkt	Brjef sem koma ófri-merkt		Þyngd.	Blöð og annað prentað mál.	Sýnis-horn af varn-ingi og fyrir-myndir við fata snið.	Ábyrgð-argjald	Burð-argjald fyrir mót-töku skýr-teini.
Norðurlöf: Austurríki og Ungarn, Belgía, Bulgaría, England Skotland og Írland, Frakk-land og Monaco, Gíbraltar, Grikk-land, Holland, Helgoland, Ítalía og St. Marino, Luxemburg, Malta, Montenegro, Noregur, Portugal, Rumenía, Rúss-land, Serbía, Spánn og Andorra, Svía-riki, Svissland Tyrkland Þýskaland.	fyrir hver 3 kv.	20	40	10	fyrir hver 10 kv.	5	5 Minnst 10*	16	8
Vesturlöf: Kanada Bandaríkin.									

*Burðargjaldið telst þannig:
Allt að
20 kv. 10 aur.
20—30 15 —
30—40 20 —
40—50 25 —

um burðareyri undir peningabréf til landa utanríkis.

Löndin:	Burðargjaldið er innifalið í					Athugasemd:
	a	b	c			
	Burðargjaldi fyrir almenn brjef; fyrir hver 3 kvint:	Abyrgðargjaldi	Burðargjaldi eptir verðupphæð.			
			Af þeim, sem sendir, á að taka fyrir 144 kr. = 200 frk. eða þar undir	Dönsku pósthjórnni skal endurgoldið fyrir 200 franka eða þar undir	Takmörk verðupphæðar.	
Norðurlöf:	aur	aur	aura	centim.	frankar	
Austurriki og Ungarn	20	16	18	10	10000	
Belgía	20	16	18	10	10000	
Bulgaría	20	16	18	20	10000	
Frakkland	20	16	18	10	10000	
Holland	20	16	18	10	10000	
Ítalía	20	16	18	15	10000	
Luxemburg	20	16	18	10	10000	
Noregur	20	16	18	10		
Portugal	20	16	18	20	10000	
Rússland	20	16	18	10		
Serbía	20	16	18	15	10000	
Spánn	20	16	18	15	10000	
Svíaríki	20	16	18	10		
Svissland	20	16	18	10		
Tyrkland*	20	16	18	25		*Á brjefin skal skrifa
Þýskaland	20	16	18	5		Via Triest.

um burðareyri undir bögguldsendingar til landa utanríkis.

Lönd, sem sendingin & að fara til.	Leið, sú er sendingin & að fara um frá Danmörku.	Mest/ þyngd.	Burðargjald eptir þyngd				Burðargjald eptir verð- upphæð	Tala toll- skráa þegar 2 eða 3 bögglar eru sendir með einu tilvis- unar- brjefi	
			Almennir póstbögglar.		Aðrir póst- bögglar				
			Af peim, sem sendir, á að taka	Dönsk. póst- stjórni inni skal endur- taka goldið	Af peim, sem sendir á að taka	Dönsk. póst- stjórni inni skal endur- taka goldið			
<i>Norðurlöf:</i>									
1. Austurríki og Ungarn	yfir Þýzkaland	pd. 10	aura 108	72	aura 162	108	frankar 1000	cent- im. 18 10	2
2. Belgía	yfir Þýzkaland	10	108	72	162	108	Engin takmörk	18 10	3
3. Búlgaría	yfir Þýzkaland og Austurríki	6	198	162	»	»	»	»	3
4. Frakkland	yfir Triest	6	108	72	»	»	»	»	3
5. Grikkland	yfir Þýzkaland	10	108	144	270	216	1000	18 25	3
6. Holland	yfir Þýzkaland	10	108	72	»	»	1000	18 10	3
7. Ítalía	yfir Sviss	6	162	126	»	»	500	18 15	3
8. Luxemburg	yfir Þýzkaland	10	90	54	135	81	10000	18 10	1
9. Montenegro	yfir Þýzkaland og Austurríki	10	162	126	243	189	1000	18 25	2
10. Noregur	beina leið yfir Svíaríki	10	90	54	135	81	Engin takmörk	18 10	»
11. Portugal	yfir Þýzkaland og með skipi	6	198	162	»	»	500	18 20	2
12. Rúmenía	yfir Þýzkaland og Austurríki	6	162	126	»	»	»	»	»
13. Serbía	yfir Þýzkaland og Austurríki	6	162	126	»	»	»	»	»
14. Spánn	yfir Þýzkaland og Frakkland	6	162	126	»	»	»	»	2
15. Svíaríki	beina leið	6	108	72	»	»	Engin takmörk	18 10	»
16. Svissland	yfir Þýzkaland	10	108	72	162	108	Engin takmörk	18 10	2
17. Tyrkland	yfir Triest	10	216	180	»	»	1000	18 25	3
18. Þýzkaland	yfir Varna beina leið	6 10	234 72	198 45	108	67½	Engin takmörk	» 8 5	» 1

Frh. af tfl. C.

Skýrsla

um burðareyri undir böggulsendingar til landa utanríkis.

Lönd, sem sendingin á að fara til:	Leið sú, sem sendingin á að fara um frá Danmörku	Böggjar allt að 2 pundum		Böggjar frá 2—6 pundum	
		Af þeim, sem sendir, á að taka	Dönsku póststjórn- inni skal endurgoldið	Af þeim, sem sendir á að taka	Dönsku póststjórn- inni skal endurgoldið
<i>Nordurálfan:</i> 1. England, Skotland og Írland	{ yfir Hamborg eða Bremen yfir Belgíu	aura	aura	aura	aura
		126	90	171	135
2. Gibraltar	{ yfir Hamborg eða Bremen yfir Belgíu	153	117	189	153
		198	162	288	252
<i>Vesturálfan.</i> Kanada	{ yfir Hamborg eða Bremen og England yfir Belgíu og England	216	180	306	270
		414	378	738	702
		432	396	756	720